

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Vísindasjóð Sjúkrahússins á Akureyri.

#### 1. gr.

##### *Heiti.*

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun sem heitir Vísindasjóður Sjúkrahússins á Akureyri og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

#### 2. gr.

##### *Heimilisfang.*

Heimilisfang sjóðsins er á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

#### 3. gr.

##### *Markmið.*

Markmið sjóðsins er að efla vísindarannsóknir við Sjúkrahúsið á Akureyri. Allir háskólamenntaðir starfsmenn sjúkrahússins geta sótt um styrk úr sjóðnum.

#### 4. gr.

##### *Stofnendur.*

Stofnandi sjóðsins er Gjafasjóður Sjúkrahússins á Akureyri, kt. 451089-2699, sem leggur fram kr. 5.000.000 í stofnfé.

#### 5. gr.

##### *Stofnfé.*

Stofnfé sjóðsins er kr. 5.000.000 sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt. Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í sjóðnum.

#### 6. gr.

##### *Stjórn.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum með háskólamenntun til 3ja ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Einn skal tilnefndur af læknaáráði, einn af hjúkrunaráði og einn af framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri. Sömu aðilar tilnefna einnig varamenn á sama hátt. Fulltrúi skipaður af framkvæmdastjórn skal vera úr hópi annarra háskólastétta en lækna eða hjúkrunarfræðinga. Stjórn sjóðsins er ábyrg gagnvart framkvæmdastjórn sjúkrahússins.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt öðrum umboð. Stjórnin ákveður hversu miklu fé skuli úthlutað hverju sinni. Úthlutun styrkja fer fram einu sinni eða tvisvar á ári. Úthlutað er samkvæmt tillögum vísindaráðs Sjúkrahússins á Akureyri, út frá sérstökum starfsreglum um úthlutun sem samþykktar eru af framkvæmdastjórn sjúkrahússins.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

#### 7. gr.

##### *Fundarboðun.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

*Bókhald og fjárvarsla.*

Bókhald og fjárvörslu annast skrifstofa fjármála á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

9. gr.

*Tekjur.*

Tekjur sjóðsins eru:

Árlegt framlag Sjúkrahússins á Akureyri samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnar þess.

Framlög utanaðkomandi aðila vegna rannsóknarsamninga við sjúkrahúsið og starfsmenn þess.

Framlög frá opinberum aðilum og einstaklingum.

Gjafir til sjóðsins.

Vaxtatekjur.

Aðrar tekjur.

Stjórninni er skylt að tryggja sem mesta ávöxtun stofnfjár og tekna án þess að stofna fé sjóðsins í hættu.

10. gr.

*Endurskoðendur.*

Endurskoðendur sjóðsins skuli vera hinir sömu og endurskoðendur Sjúkrahússins á Akureyri.

11. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta. Ársreikningur sjóðsins skal liggja fyrir eigi síðar en 1. júní ár hvert fyrir undangengið ár. Bókhald og reikningsskil sjóðsins skulu vera í samræmi við bókhaldslög nr. 145/1994 og við ársreikningalög nr. 3/2006.

12. gr.

*Breyting samþykkt, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

13. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 12. júní 2013.*

**Bjarni Stefánsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrimsdóttir.*